

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs
33. fundur
haldinn að Lyngási, 1. júlí 2010.

Mættir: Björn Ármann Ólafsson formaður, Ruth Magnúsdóttir, Magnhildur Björnsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson og Þórhallur Þorsteinsson. Skarphéðinn G. Þórisson var fjarverandi. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

Dagskrá:

- 1. Athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlun**
- 2. Önnur mál**

Formaður stýrði fundi og setti hann kl. 20.05. Gengið var til dagskrár.

1. Athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlun

Farið var yfir þær athugasemdir sem komu til stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs vegna stjórnunar- og verndaráætlunar og lúta að austursvæði þjóðgarðsins.

a) Reiðleiðir

Svæðisráð gerir ekki aðrar athugasemdir vegna reiðleiða en komu fram á síðasta fundi þess og sendar voru sem athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlun.

b) Vegir

Svæðisráð sér ekki ástæðu til að breyta sinni afstöðu til framlagðra tillagna vegna athugasemda um vegi á austursvæði.

c) Veiðar

Svæðisráð sér ekki ástæðu til að breyta þeim tillögum sem það setti fram í kafla 11.3 um veiðar í tillögu svæðisráðs að verndaráætlun með tilheyrandi rökum og koma fram í viðauka með fundargerð svæðisráðs frá 8. apríl 2010.

d) Verndarflokkar

Svæðisráð sendi inn athugasemd um verndarflokk á austursvæði og stendur við það álit sitt að svæðið utan jökuls eigi að vera í flokki II.

Svæðisráð felur formanni að fylgja ofangreindu eftir inn á stjórnarfund.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Ruth Magnúsdóttir

Magnhildur Björnsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson